

Þórunn Guðmundsdóttir stundaði framhaldsnám í söng við Indiana University í Bandaríkjunum. Hún hefur stundað ýmis störf er tengjast tónlist, meðal annars komið fram sem einsöngvari með Kammersveit Reykjavíkur og ýmsum kórum. Einnig hefur hún haldið fjölda einsöngstónleika. Þórunn starfar nú sem söngkennari við Tónlistarskóla Hafnarfjarðar.

Ingunn Hildur Hauksdóttir stundaði nám við Tónlistarskóla Hafnarfjarðar og síðan við Tónlistarskólann í Reykjavík. Þaðan lauk hún píanókennara- og einleikaraprófi vorið 1993. Ingunn hefur komið fram við ýmis tækifæri, og unnið með söngvurum og í kammermúsík. Hún starfar við Tónlistarskóla Hafnarfjarðar.

Þórunn og Ingunn hafa unnið mikið saman á undanförunum árum, haldið fjölda tónleika og hljóðritað íslensk sönglög meðal annars fyrir Ríkisútvarpið.

Sumartónleikar í Listasafni Sigurjóns Ólafssonar

Þórunn Guðmundsdóttir
sópran

Ingunn Hildur Hauksdóttir
píanó

Kaffistofa safnsins er opin að tónleikum loknum
The cafeteria is open after the concert

Þriðjudaginn 3. júlí 2001 kl. 20:30

Efnisskrá

Gabriel Fauré var einn af fyrstu meisturum franska sönglagsins. Hugmyndarík notkun á hrynn, fjölbreytt hljómaflóra og streymandi laglínur einkenna tónsmíðar hans. Fauré samdi lög við ljóð margra bestu ljóðskálda Frakklands og meðferð hans á tungumálinu og hvernig hann litar ljóðin með tónmáli sínu er bæði hugmyndarík og persónuleg.

Ólíkt Fauré kom Richard Strauss inn í háþróað sönglagaform sem hafði blómstrað hjá meisturum eins og Schubert, Schumann og Brahms. Síðrómantísk einkenni í tónmáli Strauss njóta sín vel í sönglögnum, þrungnir hljómar, ástríður og þykkt undirspil, en einnig tærleiki og angurværð. Ljóðin spanna vítt svið - allt frá glettni og ástríðu yfir í kveðjustund og sátt.

Ísland á marga sönglagahöfunda og á efnisskránni er fjölbreytt efni sem líkja má við lítinn blómvönd, flest eru ástar- og sumarblóm, en haustlauf og frostrós skreyta líka vöndinn.

Gabriel Fauré
1845-1924

Mandoline
En sourdine
Les berceaux
Notre amour
Le secret
Après un rêve
Clair de lune
Au bord de l'eau

Richard Strauss
1864-1949

Ich trage meine Minne
Zueignung
Allerseelen
Morgen
Heimliche Aufforderung

Karl O. Runólfsson
1900-1970

Allar vildu meyjarnar eiga hann
Davíð Stefánsson

Árni Beinteinn Gíslason
1869-1897

Vísan sem skrifuð var á visið rósblað
Benedikt Gröndal

Gunnar Sigurgeirsson
1901-1970

Una
Davíð Stefánsson

Páll Ísólfsson
1893-1974

Kossavísur
Jónas Hallgrímsson

Jórunn Viðar
f. 1918

Vökuró
Jakobína Sigurðardóttir

Loftur Guðmundsson
1892-1952

Biðilsdans
Guðmundur Björnsson